

## Fréttabréf Viðskiptaráðs – 30. október 2009

---

### Morgunverðarfundur með seðlabankastjóra - Höft og háir vextir: Er breytinga að vænta?

Föstudaginn 6. nóvember næstkomandi stendur Viðskiptaráð fyrir árlegum morgunverðarfundum í tilefni útgáfu *Peningamála* Seðlabanka Íslands. Aðalræðumaður á fundinum verður Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, sem mun ræða stöðu efnahagsmála og svara spurningum fundargesta að erindi loknu. Í kjölfarið fer fram pallborðsumræða milli fulltrúa Seðlabankans og atvinnulífsins sem og fundargesta, en þar taka til máls:

- Þórður Friðjónsson, forstjóri NasdaqOMX Ísland
- Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður CCP
- Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaál og formaður Viðskiptaráðs
- Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri IcePharma
- Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur Seðlabankans

Fyrir í vikunni samþykkti stjórn AGS fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands, en tafir þar á hafa fram til þessa haft töluverð áhrif á ákvarðanir Peningastefnunnar að halda stýrivöxtum háum. Í ljósi þess að nú er mikilvægri hindrun fyrir lækkun vaxta og afnáms gjaldeyrishafta rutt úr vegi verður fróðlegt að hlýða á ræðu seðlabankastjóra um þær áherslur sem framundan eru.

Fundurinn hefst kl. 8:15 og stendur til kl. 10:00 á Hilton Reykjavík Nordica (Salur H/I). Fundargjald er kr. 3.500 með morgunverði. Fundurinn er öllum opin.

Skráning fer fram [hér](#).

### Uppfært upplýsingaskjal á ensku

Upplýsingaskjal á ensku um stöðu efnahagsmála, *The Icelandic Economic Situation: Status Report*, hefur nú verið uppfært. Í nýjustu útgáfunni má m.a. finna upplýsingar um Icesave-málið, vaxta- og gjaldeyrismál, efnahagsáætlun Íslands og AGS, nýju bankana, Evrópusambandssumsóknina og stöðu ríkisfjármála. Uppástungur um viðbætur og/eða úrbætur eru vel þegnar.

Aðildarfélagar geta notfært sér skjalið til að útskýra stöðuna á Íslandi fyrir erlendum hagsmunaaðilum. Skjalið geta félagsmenn nálgast með því að senda tölvupóst á [birna@vi.is](mailto:birna@vi.is).

## ATA & upprunavottorð

Viðskiptaráð vill vekja athygli félagsmanna á að ráðið afgangi og gefur út tvö mikilvægt skjöl fyrir útflytjendur, þ.e. ATA skírteini og upprunavottorð. Með ATA skírteinum gefst útflytjendum tækifæri til að flytja vörur milli landa án álagningar tolla og aðflutningsgjalda, ef viðkomandi vara er flutt aftur til landsins á innan við 12 mánuðum.

Upprunavottorð hafa þann tilgang að staðfesta uppruna viðkomandi vöru og setja einstök lönd það sem skilyrði fyrir innflutningi tiltekinna vara að slíkt vottorð sé lagt fram við tollafgreiðslu þeirra. Þá setja erlendir kaupendur jafnframt í einhverjum tilvikum sambærileg skilyrði fyrir kaupum á vörum frá Íslandi.

Frekari upplýsingar um ATA skírteini og upprunavottorð má nálgast [hér](#).

## Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Íslenskt efnahagslíf verður komið yfir versta hjallann um mitt næsta ár** og skilyrði eru að skapast fyrir varkárur vaxtalækkunum að mati framkvæmdastjórnar AGS.
- **Tólf mánaða verðbólga mælist nú 9,7%** skv. mælingum Hagstofunnar, en þetta er í fyrsta skipti síðan í mars 2008 sem verðbólga fer undir 10%.
- **Álverð fór aftur upp fyrir 2.000 dollara múrinn** sem hefur án efa jákvæð áhrif á vöruskiptajöfnuðinn, en verð á áli hefur ekki verið hærra frá því í sumar.
- **Fyrsta endurskoðun á efnahagsáætlun Íslands og AGS hefur verið samþykkt** og fær ríkissjóður þar með aðgang að frekari fyrirgreiðslum frá sjóðnum sem og Norðurlöndunum og Póllandi.
- **Vel gengur að endurheimta og endurskipuleggja eignir gamla Kaupþings** skv. uppfærðri skýrslu skilanevndar bankans.
- **Erlend stórfyrirtæki halda áfram að skila af sér góðu uppgjöri** fyrir þriðja ársfjórðung, en þar má m.a. nefna Nordea og Century Aluminum.
- **Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, telur tímabært að hefja afnám gjaldeyrishafta**, en þetta kom fram í nýjasta riti Fjármálastöðugleika.
- **Kjarasamningar Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands halda**, þrátt fyrir bakslag í viðræðum við stjórnvöld um stöðugleikasáttmálann.

- **Íslenskir aðilar halda áfram að sækja fram á erlendum vettvangi** en TM Software hefur þróað nýja lausn fyrir Teliasonera, sem er eitt stærsta fjarskiptafélag Norðurlandanna.
- **Nokkur innlend fyrirtæki hafa verið að skila jákvæðum uppgjörum**, en þar má m.a. nefna Nýherja, Icelandair Group og Össur.
- **Drög að fjárfestingarsamningi við Verne Holding voru undirrituð í iðnaðarráðuneytinu í vikunni**, en fyrirtækið hyggst byggja og reka gagnaver í Reykjanesbæ.
- **Afgangur af vöruskiptum við útlönd nam 43,8 milljörðum króna fyrstu níu mánuði ársins** en á sama tíma árið áður voru þau óhagstæð um 64,9 milljarða á sama gengi.
- **Landsframléiðslan í Bandaríkjunum jókst um 3,5% á ársgrundvelli á þriðja ársfjórðungi** sem er mesta ársfjórðungsaukningin síðan efnahagssamdrátturinn hófst vestra í árslok 2007.
- **Íslendingar hafa ekki verið jafn bjartsýnir síðan fyrir hrún**, en væntingavísitala Gallup hefur ekki mælt hærri frá því í október í fyrra.

Góða helgi.